

Svar

landbúnaðarráðherra við fyrirspurn Guðjóns A. Kristjánssonar um slátrun og vinnslu landbúnaðarafurða.

1. *Hversu mörg fyrirtæki starfa nú við slátrun og úrvinnslu á landbúnaðarafurðum, þ.e. starfa í slátrun, kjötvinnslu og mjólkuriðnaði?*

Í dag eru 16 fyrirtæki starfandi í slátrun, þ.m.t. öll alifugla-, svína-, stórgripa- og sauðfjárslátruhús. Sum þeirra reka síðan fleiri en eitt slátruhús. Í mjólkurvinnslu starfa 8 fyrirtæki, sum reka fleiri en eitt mjólkursamlag. Að auki má síðan telja Osta- og smjörsöluna. Engar upplýsingar eru fyrirleggjandi hjá Bændasamtökunum um fjölda kjötvinnsla.

2. *Hvernig skiptist landsframleiðsla landbúnaðarafurða á þau fyrirtæki sem nú starfa? Óskað er eftir sundurliðun á kjötmagni eftir flokkum hjá hverju fyrirtæki fyrir sig, þ.e. kindakjöt (dilkakjöt), nautgripakjöt, svínakjöt, hrossakjöt og alifuglar, bæði í kílóum talið og hlutfallslega.*

Skipting framleiðslunnar á síðasta ári milli þessara fyrirtækja er sýnd í meðfylgjandi töflum. Þá er búið að leggja saman framleiðslu þeirra fyrirtækja sem hafa sameinast á þessu ári.

Slátrun eftir sláturleyfishöfum 1999, magn og hlutfall.

Sláturleyfishafi	Hross		Nautgripir		Sauðfé		Svín		Alifuglar	
	kg	%	kg	%	kg	%	kg	%	kg	%
Goði hf.	588.245	54,98	1.181.373	32,24	3.248.222	37,58	335.613	7,13		
Sláturfélag Suðurlands	239.050	22,34	896.859	24,48	1.543.245	17,85	1.166.144	24,78	643.292	21,40
Kaupfélag Króksfjarðar			31.461	0,86	185.184	2,14	22.435	0,48		
Kaupfélag Bitrufjarðar					83.119	0,96				
Sölufélag A-Húnavetninga	111.570	10,43	222.167	6,06	594.814	6,88	58.347	1,24		
Kaupfélag Skagfirðinga	46.965	4,39	285.609	7,79	557.768	6,45	45.914	0,98		
Norðlenska matborðið ehf.	10.364	0,97	661.550	18,05	1.043.703	12,07	429.979	9,14		
B. Jensen ehf.	49.703	4,65	97.876	2,67			212.146	4,51		
Grísabær							1.356.035	28,81		
Síld og fiskur							642.949	13,66		
Stjörnugrís							136.299	2,90		
Sláturfélag Vopnfirðinga	601	0,06	33.832	0,92	196.259	2,27				
Sláturfélag Vesturlands hf.	19.393	1,81	222.496	6,07	594.609	6,88	300.418	6,38		
Ferskar afurðir ehf.	3.945	0,37	31.037	0,85	211.942	2,45				
Fjallalamb					384.756	4,45				
Reykjagarður									2.328.428	77,45
Örn Stefánsson									34.629	1,15
	1.069.836	100	3.664.260	100	8.643.621	100	4.706.279	100	3.006.349	100

Mjólkurinnlegg eftir samlögum 1999, magn og hlutfall.

	Litrar	%
Mjólkursamsalan	24.046.441	22,43
Mjólkursamlag Ísfirðinga	1.304.360	1,22
Mjólkursamlag Skagfirðinga	9.554.868	8,91
MSKEA ehf.	20.974.353	19,57
MSKÞ ehf.	6.822.473	6,36
Mjólkursamlag Vopnfirðinga	752.078	0,70
Ms. Kaupf. Héraðsbúa	3.338.823	3,11
Mjólkursamlag Norðfirðinga	496.319	0,46
Mjólkurbú Flóamanna	39.906.214	37,23
	107.195.929	100

3. *Hvernig skiptist kjötframleiðsla og mjólkurframleiðsla eftir núverandi kjördæmum, sundurliðað eftir áðurnefndum kjötflokkum í kíló og mjólk í lítrum?*

Sjá meðfylgjandi töflur úr Búnaðarriti, 113. árg. Framleiðsla annarra kjötttegunda er ekki skráð á innleggjendur heldur berast einungis skýrslur um heildarslátrun hvers fyrirtækis um sig.

Innlagt kindakjöt og greiðslumark 1999 eftir kjördæmum.

	Innl. kindakjöt, kg	Virkt greiðslu- mark, ærgildi
Reykjanesvæði	67.469	2.677
Vesturland	1.449.034	60.827
Vestfirðir	932.070	44.832
Norðurland vestra	1.721.941	79.896
Norðurland eystra	1.421.847	65.589
Austurland	1.509.391	68.119
Suðurland	1.541.788	70.203
Samtals allt landið	8.643.539	392.142

Innlögð mjólk og greiðslumark 1999 eftir kjördæmum.

	Innlögð mjólk, líttrar	Greiðslumark , þús. líttrar
Reykjanesvæði	1.224.723	1.162.048
Vesturland	14.375.322	13.294.704
Vestfirðir	2.979.244	2.939.501
Norðurland vestra	16.326.380	15.849.366
Norðurland eystra	27.804.037	26.170.512
Austurland	6.202.055	5.893.246
Suðurland	38.284.168	36.690.603
Samtals allt landið	107.195.929	102.000.000

4. *Hversu mikið hefur sláturhúsum í rekstri fækkað á tímabilinu 1990–2000, sundurliðað eftir árum?*

Fækkun sláturhúsa á landinu hefur verið sem hér segir:

Ár	Fækkun
1990	2
1991	3
1993	1
1994	1
1996	1
1997	2
1998	1
1999	1

5. *Hversu mikið hefur mjólkurbúum í rekstri fækkað á tímabilinu 1990–2000, sundurliðað eftir árum?*

Fækkun mjólkurbúa á landinu hefur verið sem hér segir:

Ár	Fækkun
1990	1
1993	1
1995	1
1996	1

6. *Hversu mörgum dilkum er slátrað án þess að um beingreiðslur sé að ræða, sundurliðað eftir kjördæmum, miðað við þá kjördæmaskipan sem í gildi var fram í maí á þessu ári?*

Árið 1999 komu 290 tonn af kindakjöti frá alls 300 lögbýlum án greiðslumarks og 29 tonn frá framleiðendum utan lögbýla. Að öðru leyti vísast í töflu um framleiðslu kindakjöts eftir kjördæmum þar sem til samanburðar kemur fram greiðslumark í ærgildum eftir kjördæmum.